

Nr. 1378

20. desember 2018

REGLUGERÐ
um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús,
nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum, í réttri númeraröð:

- 1.11 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/280 frá 23. febrúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, fylgiskjal 1.11.
- 2.18 Reglugerð ráðsins (ESB) 2018/275 frá 23. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, fylgiskjal 2.18.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 20. desember 2018.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sturla Sigurjónsson.

Nr. 1378

20. desember 2018

Fylgiskjal 1.11.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/280

frá 23. febrúar 2018

um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Framlengja ætti þvingunaraðgerðir gegn Belarús til 28. febrúar 2019 á grundvelli endurskoðunar fyrnefndrar ákvörðunar.
- 3) Enn fremur samþykkti ráðið að aðildarríki megi heimila útflutning á tilteknum gerðum sporthrafla með litla hlaupvídd, sportskammbýssa með litla hlaupvídd og skotfæra fyrir litla hlaupvídd, sem eru einungis ætlud til nota á íþróttaviðburðum og við íþróttajálfun, eða að veitt sé tengd tækniaðstoð eða miðlunarþjónusta, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, en undirstrikið að einungis væri um takmarkaðan fjölda að ræða og með fyrirvara um gildandi leyfisveitingarákvæði.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.
- 5) Ákvörðun þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMPÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 2. gr.:

„4. Þrátt fyrir 1. gr. mega aðildarríki heimila sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á sporthraflum með litla hlaupvídd, sportskammbýssum með litla hlaupvídd og skotfærum fyrir litla hlaupvídd, sem eru einungis ætlud til nota á íþróttaviðburðum og við íþróttajálfun, eða að veitt sé tengd tækniaðstoð eða miðlunarþjónusta, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð.“

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild samkvæmt 4. mgr. eigi síðar en 10 dögum áður en hún er veitt, þ.m.t. um gerð og magn viðkomandi búnaðar og til hvers hann er ætlaður, eða um eðli tengdrar aðstoðar eða þjónustu.“

- 2) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

1. Ákvörðun þessi gildir til 28. febrúar 2019.

2. Ákvörðun þessi skal vera til stöðugrar endurskoðunar og hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

E. ZAHARIEVA

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús (Stjtð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

Fylgiskjal 2.18.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/275**

frá 23. febrúar 2018

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús (¹),
með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum og
framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftifarandi:

- (1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 (²) bannar útflutning á búnaði sem nota má til bælingar innanlands til aðila, rekstrarreininga eða stofnana í Belarús eða til notkunar þar í landi, auk þess að banna að veita tengda tækniðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð.
- (2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- (3) Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/280 (³), sem breytir ákvörðun 2012/642/SSUÖ, er kveðið á um undanþágur frá útflutningsbanni á tilteknum gerðum sporriffla með litla hlaupvídd, sportskammbýssa með litla hlaupvídd og skotfæra fyrir litla hlaupvídd og frá banninu við því að veita tengda aðstoð eða þjónustu, en jafnframt viðurkennt að takmarka ætti útflutning á slíkum búnaði.
- (4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.
- (5) Ekkert í þessari reglugerð hefur áhrif á leyfiskröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 (⁴).
- (6) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

1. Eftifarandi málsgreinar bætist við 1. gr. a:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjum, sem eru tilgreind í II. viðauka, heimilað sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á sporrifflum, sportskammbýssum og skotfærum þeirra, sem skráð eru í V. viðauka og sem uppfylla einnig nákvæmar skilgreiningar í leiðbeiningum Alþjóðaskotíþróttasambandsins um eftirlit með búnaði (e. equipment control guide), með þeim skilyrðum sem umrædd stjórnvöld telja viðeigandi, hafi þau ákvárdæð að búnaðurinn sé eingöngu ætlaður til nota á íþróttaviðburðum og við íþróttajálfun sem viðurkennd eru af Alþjóðaskotíþróttasambandinu.

6. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild samkvæmt 5. mgr. eigi síðar en 10 dögum áður en hún er veitt, þ.m.t. um gerð og magn viðkomandi búnaðar og til hvers hann er ætlaður.“

2. Eftifarandi málsgreinar bætist við 1. gr. b:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjum, sem eru tilgreind í II. viðauka, heimilað að veitt sé, með beinum eða óbeinum hætti, tækniðstoð eða miðlunarþjónusta, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist sporrifflum, sportskammbýssum og skotfærum þeirra, sem skráð eru í V. viðauka og sem uppfylla einnig nákvæmar skilgreiningar í leiðbeiningum Alþjóðaskotíþróttasambandsins um eftirlit með búnaði, með þeim skilyrðum sem umrædd stjórnvöld telja viðeigandi, hafi þau ákvárdæð að búnaðurinn sé eingöngu ætlaður til nota á íþróttaviðburðum og við íþróttajálfun sem viðurkennd eru af Alþjóðaskotíþróttasambandinu.

Nr. 1378

20. desember 2018

6. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína að veita heimild samkvæmt 5. mgr. eigi síðar en 10 dögum áður en hún er veitt, þ.m.t. um eðli tengdrar aðstoðar eða þjónustu.“
3. Texti viðaukans við þessa reglugerð bætist við sem V. viðauki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

E. ZAHARIEVA

forseti.

(1) Stjtíð. ESB L 285, 17.10. 2012, bls. 1.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtíð. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

(3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/280 frá 23. febrúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús (sjá bls. 16 í þessum Stjórnartíðindum Evrópusambandsins).

(4) Reglugerð Evrópubgingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegi framleiðslu á skotvopnum og viðskiptum með þau, hluta þeirra, íhluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölbjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun Sþ um skotvopn), og um veitingu útflutningsleyfa og innflutnings- og umflutningsráðstafana fyrir skotvopn, hluta þeirra, íhluti og skotfæri (Stjtíð ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1).

VIDAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/reg/2018/275/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eurlex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2019